

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar
5. fundur 2020 (98. fundur)
EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 24.08.2020 kl. 08:15 í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Einar Jón Pálsson	skipulagsnefnd
Kristinn Halldórsson	"
Steinþór Einarsson	"
Guðlaugur H. Sigurjónsson	"
Eiríkur Bjarnason	ritari skipulagsnefndar
Sveinn Valdimarsson	skipulagsfulltrúi
Skúli Lýðsson	Húsnæðis- og mannvirkjastofnun

1. Breyting á aðalskipulagi og deiliskipulagi NA svæðis vegna nýs þjónustuvegar frá Aðalgötu

Skipulagsfulltrúi gerði grein fyrir viðbrögðum umsagnaraðila við verkefnis- og matslýsingu fyrir breytingu á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar vegna nýs þjónustuvegar frá Aðalgötu. Eftirtaldir aðilar sendu inn umsögn og/eða ábendingar eða greindu frá að þeir gerðu ekki athugasemdir við lýsinguna:

HS veitur, Isavia, Veðurstofa Íslands, Landsnet, Reykjanesbær, Samgöngustofa, Vegagerðin og Skipulagsstofnun.

Lagður var fram nýr skipulagsuppdráttur vegna aðalskipulagsbreytingarinnar þar sem tekið hafði verið tillit til athugasemda umsagnaraðilanna eftir því sem efni standa til. Ennfremur var lagður fram deiliskipulagsuppdráttur í samræmi við nýja tillögu að breytingu á aðalskipulagi vegna þjónustuvegarins.

Skipulagsnefndin samþykkti að senda hin breyttu drög að aðalskipulagsbreytingu til Skipulagsstofnunar með ósk um heimild til að auglýsa skipulagsbreytinguna í samræmi við skipulagslög. Skipulagsnefndin heimilar skipulagsfulltrúa að auglýsa aðalskipulags- og deiliskipulagsbreytinguna samhliða að fenginni heimild Skipulagsstofnunar.

2. Erindi Reykjanesbæjar vegna veltengingar frá Verne Global hf að Þjóðbraut
Guðlaugur H. Sigurjónsson vék af fundi undir þessum dagskrárlið.

Lagt var fram erindi Reykjanesbæjar, dags. 14.08.2020, þar sem greint er frá ósk Verne Global hf um tengingu bílastæðis á lóð félagsins við Þjóðbraut.

Að mati skipulagsnefndar er um óverulega breytingu á deiliskipulagi að ræða og samþykkti nefndin að fram fari grenndarkynning á skipulagstillögunni. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar en umsækjandi, Verne Global hf, eru fyrir hendi, fellur grenndarkynningin niður.

Skipulagsnefndin samþykkti tengingu bílastæðisins við Þjóðbraut. Fyrir liggur samþykki Isavia fyrir tengingunni.

3. Skipulagsreglur Keflavíkurflugvallar

Upplýst var að skipulagsreglur Keflavíkurflugvallar eru í vinnslu og væntanlega á lokastigi.

4. Næsti fundur

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður 28. september 2020 kl. 08:15 í FLE.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Slóð á sharepoint síðu skipulagsnefndar:

https://verk.isavia.is/skipulagsnefnd/_layouts/15/start.aspx#/SitePages/Home.aspx